

Sp. 465. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]
um innflutning nauðsynlegra lyfja til dýralækninga.

Flm.: Sigurður E. Hliðar, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að hlutast til um, að ávallt séu til í landinu nægilegar birgðir hinna nauðsynlegustu lyfja til dýralækninga.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur allmikið borið á því, að tilfinnanlegur skortur eða jafnvel alger vöntun hafi verið á ýmsum hinna nauðsynlegustu lyfja til dýralækninga í lyfjabúðum landsins. Á stríðsárunum var því um kennt, að ekki væri hægt að ná lyfjum frá vissum framleiðslulöndum (s. s. Cantharida frá Búlgaríu), eða þá, að framleiðsla lyfja væri háð þörfum herjanna og því takmarkaður útflutningur þeirra til annarra landa. Nú aftur á móti er því borið við, að ekki fáist nægileg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegustu dýralyfjum. Er nú svo komið, að það ástand, sem skapast hefur í þessum efnum hér á landi, er með öllu óþolandi. Það er gamalt mál, að mörg sé búmannsraunin, svo að lyfjaeklunni er traudla á þær bætandi. Lífsafkoma landbóndans er háð bústofninum. Hjá smábændum má ekki mikið út af bera um heilbrigði búfjárins, ef afkoma heimilisins á að vera tryggð. En nokkur trygging væri fengin gegn ýmsum sjúkdómum og afurðatjóni af þeirra völdum, ef ýmis hinna ágætu og áhrifamiklu lyfja væru fyrir hendi til lækninga. Það verður því að teljast minnsta og sjálfsagðasta, en um leið útlátaminnsta krafa íslenska landbúnaðarins á hendur ríkisvaldinu, að séð verði fyrir nægilegum innflutningi hinna nauðsynlegustu lyfja til lækninga hinna mest áberandi og skaðlegustu kvilla búfjárins.